

FUNDARGERÐ

355. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,

haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 12. ágúst 2025 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Eyþór Stefánsson (ES), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Glúmur Björnsson jarðfræðingur veitunnar sat fundinn undir liðum 5-6-7.

Ívar Karl stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Verkefni í gangi
 - 2 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, uppfærsla, orkuverð o.fl.
 - 3 Fellabrún 1 – staða framkvæmda
 - 4 Hreinsistöð fráveitu á Melshorni
 - 5 Jarðhitaleit á Djúpavogi
 - 6 Borgarfjörður vatnstankur
 - 7 Eiðar – vatnsveita
 - 8 Nordiwa 2025 og NRV vatnshreinsistöðin í Osló
 - 9 Starfsmannamál
 - 10 Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu
 - 11 Vatnsveitur - afnot af skilaboðakerfi Almannavarna
 - 12 Kaldakvísl – rannsóknarleyfi fyrir vatnsaflsvirkjun
 - 13 Raforkusamningur
 - 14 Fjárhagsáætlunargerð – tímalína
 - 15 Önnur mál
 - a. Fæðingarorlof Hildar Þórisdóttur
-

1 Verkefni í gangi

Framkvæmdastjóri fór yfir þau verkefni sem eru í gangi.

2 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, uppfærsla, orkuverð o.fl.

Farið verður í endurmælingar á gömlum holum á Seyðisfirði í mánuðinum og mun jarðfræðingur félagsins ásamt ráðgjafa leggjast yfir tölurnar með það að markmiði að skipuleggja frekari jarðhitaleit. Ekkert hefur frést af úthlutun úr Orkusjóði sem getur skipt verkefnið verulegu máli. Nýr starfsmaður, Örn Kjartansson, var ráðinn umsjónarmaður fjarvarmaveitu á Seyðisfirði. Örn hóf störf 1. júlí. Hann sinnir jafnframt umsjón með vatns- og fráveitukerfum félagsins á Seyðisfirði. Hönnun endurnýjaðs stjórnkerfis fyrir rafskautaketilinn er nú á lokametrinum og reiknað með að uppsetning á nýju kerfi hefjist í byrjun september. Nýr raforkusamningur við Orkusöluna tók gildi 1. ágúst. Samningurinn gildir til 31.10.2028.

Í fyrra fengu HEF veitur úthlutað styrk úr *European City Facility* (EUCF) sjóðnum til að vinna ítarlega viðskiptaáætlun fyrir kaup og uppsetningu varmadælu í kyndistöð Seyðisfjarðar.

Ágústa yfirgaf fundinn.

3 Fellabrún 1 – staða framkvæmda

Innanhúsframkvæmdir eru langt á veg komnar, sem og viðbygging fyrir loftræstikerfi. Afráðið var að endurnýja ystu klæðningu á þaki hússins auk þakkanta og var óskað eftir verðum frá byggingaverktökum. Verðkönnun var auglýst 18. júlí og lauk 28. júlí. Fimm aðilar sýndu framkvæmdinni áhuga og óskuðu eftir gögnum, en tveir skiluðu verðum í verkið. Eðalmenn ehf. buðu lægra og samið var við þá. Þeir hófu framkvæmdir strax eftir verslunarmannahelgi og er verkið nú langt komið.

Ágústa kom inn á fundinn.

4 Hreinsistöð fráveitu á Melshorni

Verktaki vinnur að uppsteypu inn- og útrennsliþróa. Reiknað er með að veggir þeirra verði steyptir í einu lagi, í fulla hæð. Verkið er um 3 vikum á eftir áætlun, mest vegna sumarleyfa. Verktaki hyggst vinna upp seinkunina á næstu vikum.

Verksamningur var undirritaður 17. júlí 2025. Samningur auk fylgigagna liggja fyrir fundinum.

Verkefnisstjórn vinnur að frágangi samninga um kaup á þrepaðum og dælum.

Til kynningar.

5 Jarðhitaleit á Djúpavogi

Gengið var frá borholum svo ekki velli upp úr þeim í mánuðinum með það að markmiði að hvíla kerfið og leyfa hitanum að dreifast eðlilega. Í lok ágúst / byrjun september verða ákveðnar holur endurmældar og líkan uppfært. Þá verður farið í undirbúning á nýrri borholu, sem gæti orðið 600 m djúp.

6 Borgarfjörður vatnstankur

Ábending barst veitunni um veikindi á Borgarfirði, sem mögulega hægt væri að rekja til drykkju á neysluvatni. Í kjölfarið var haft samband við HAUST sem tók sýni 6. ágúst síðastliðinn. EKKI reyndist gerlasmit í vatninu og því ekki nauðsynlegt að ráðast í aðgerðir.

Þrátt fyrir það er undirbúningur fyrir endurbætur á vatnstanki í gangi og síðastliðinn föstudag var auglýst verðkönnun fyrir verkið. Gert er ráð fyrir að verkið hefjist í lok ágúst.

7 Eiðar – vatnsveita

Í kringum 30. júlí varð vart við vatnsskort á Eiðum. Þetta átti sér frekar stuttan aðdraganda eftir að útlit hafi verið gott í allt sumar. Strax þann 5. ágúst þurfti að bregðast við með því að keyra vatn með tankbílum frá Egilsstöðum. 6. ágúst uppgötvaðist að hola 1 var ekki að skila sínu, þrátt fyrir að borholan væri full af vatni. Hinar tvær holurnar standa afar lágt um þessar mundir. Í ljós kom að dælan í holu 1 var biluð. Mótorinn var þó í lagi og önnur passandi dæla fannst í Fellabænum og var sett niður á föstudeginum. Við það batnaði staðan strax mikið en þó þarf að fylgjast vel með næstu daga. Rætt um landsvæði sem skoðað hefur verið fyrir vatnstöku og ekkert af því hefur ótvíræða kosti né öryggi. Ákveðið að stjórn fái samanburð á þeim valkostum sem ræddir voru.

8 Nordiwa 2025 og NRV vatnshreinsistöðin í Osló

Framkvæmdastjóri, sem jafnframt sinnir formennsku í Vatnsveitufagráði Samorku, hyggst þiggja boð vatnsveitu Oslóar, að funda með forsvarsfólki stærri vatnsveitna á Norðurlöndum. Fundað verður í Osló 4.-5. september og vatnshreinsistöðin, sem annar hreinsun á neysluvatni fyrir 140.000 íbúa verður skoðuð.

Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri fráveitu HEF munu sækja Nordiwa 2025, sem haldin verður í Osló 23.-25. september. Nordiwa er ráðstefna vatns- og fráveitna á norðurlöndunum. Í ár verður þingað um fráveitumál. Í tengslum við ráðstefnuna er horft til þess að heimsækja framleiðanda síubúnaðar í væntanlega hreinsistöð á Melshorni. Framleiðandinn er staðsettur í Gautaborg.

9 Starfsmannamál

Örn heiðberg Kjartansson hefur verið ráðinn umsjónarmaður veitna HEF á Seyðisfirði. Hann hóf störf 1. júlí.

Valdimar Fransson hóf störf hjá HEF 7. júlí.

Stjórn býður Örn og Valdimar velkomna til starfa.

Jón Auðbergsson hefur óskað eftir launalausum leyfi í nokkra mánuði. Framkvæmdastjóri hefur orðið við þeirri beiðni Jóns og mun á næstu dögum auglýsa eftir starfsmanni til að þétta starfsmannahóp félagsins enn frekar.

10 Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu

Hæstiréttur féllst á áfrýjunarbeiðni félagsins vegna dóms Landsréttar í málinu. Lögmaður félagsins mun skila gögnum til réttarins í dag. Til upplýsingar.

11 Vatnsveitur - afnot af skilaboðakerfi Almanna- og Almannavarna

Í ljósi fjölda tilfella undanfarin misseri og ár, óskar stjórn HEF veitna eftir því við Samorku að kannaðir verði möguleikar á að vatnsveitur geti nýtt skilaboðakerfi Almanna- og Almannavarna þegar neysluvatn mengast og verður varhugavert/óhæft til neyslu.

12 Kaldakvísl – rannsóknarleyfi fyrir vatnsaflsvirkjun

Umhverfis- og orkustofnun hefur, þrátt fyrir skýr andmæli HEF veitna, veitt Orkusölunni áframhaldandi leyfi til rannsókna á virkjunarkostinum.

Með vísan til þess að um vatnsverndarsvæði er að ræða felur stjórn framkvæmdastjóra að óska eftir rökstuðningi Umhverfis- og orkustofnunar um ákvörðunina.

13 Raforkusamningur

Félagið hefur samið við Orkusöluna um kaup á rafmagni til loka árs 2030. Samningsverð fylgir gjaldskrárbreytingum orkusala. Lagt fram til upplýsinga.

14 Fjárhagsáætlunargerð – tímalína

Framkvæmdastjóri kynnir áætlun um framvindu uppgjörs og áætlanagerðar fram að aðalfundi 2026.

15 Önnur mál

a. Fæðingarorlof Hildar Þórisdóttur

Hildur Þórisdóttir hefur framlengt fæðingarorlof sitt til 31. október 2025.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:25

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir

Undirritanir á næstu síðu.

